

Skýrsla skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi árið 1989

Helstu framkvæmdir Skógræktarfélags Selfoss í Hellisskógi á árinu 1989 voru þessar.

1) Rimlahlið.

Félagið fékk gamalt rimlahlið hjá Vegagerð Ríkisins í júní. Starfsmenn áhaldahúss og skógræktarfélagsins settu hliðið á sinn stað 27. september. Eftir er að ganga frá girðingarstubbum til hliðar við rimlahliðið þegar þetta er ritað, en þeir koma vonandi fyrir næsta sumar.

2) Girðingarvinna.

Þann 27 júlí girti Jón í Neðradal og vinnuflokkur hans 300 m langa girðingu vestan og norðan við landareign Kristjáns Guðnasonar. Þar með er Hellisskógur orðinn umgirtur fjárheldri girðingu. Rolluvandamál voru engin í haust.

3) Göngustígar.

Dagana 1., 12. og 15 júní voru lagðir göngustígar og byggðar brýr yfir skurði og plógför. Notaður var harpaður brunni og hann fluttur í hjólbörum út í mýrina. Alls voru lagðir 350 m langir stígar með 35 brúm, stórum og smáum. Allt verkið var unnið af liðsmönnum Skógræktarfélagsins en hjólbörur voru fengnar að láni hjá áhaldahúsi Selfossbæjar. SG-einingahús gáfu timbur í brýrnar, Páll Árnason gaf fúavarnarefni og Jón á Svínvatni útvegaði brunann.



Stíga og brúargerð í Hellisholti.

4 Græðlingar.

Í vor söfnuðu félagsmenn græðlingaefni af alaskavíði, ösp og viðju. Dagana 18. og 22 maí var græðlingunum stungið niður beint á endanlegann vaxtarstað í plógstrengi vestan við Grímskletta og í skjólbelti. Alls var plantað 4300 apargræðlingum, 500 alaskavíðigræðlingum og 100 viðjugræðlingum. Notaðir voru sérsmíðaðir teinar með hangfangi sem Skúli Magnússon járnsmiður smíðaði fyrir félagið.

5) Plöntun.

Dagana 22., 25. og 29 maí og 29. júní var plantað 1400 sitkagreniplöntum, 1500 birkiplöntum (þar af 1150 gjöf frá Landgræðslu Ríkisins), 150 sitkaelri, 30 seljum og talsverðu af reynivið. Greninu var plantað meðfram Ölfusá frá Grímsklettum upp í Hellisgil, en birkinu í skjólbelti norðan við Grímskletta. Elri, selju, reyni ofl tegundum var plantað meðfram göngustígum vestan við Grímskletta. Þann 28 maí var alskaösp (um 1000 stk) flutt úr græðlingabeðum austan við aðalinnganginn í plægðan reit rétt austan við græðlingabeðin (á gömlu ruslahaugunum). Sama kvöld vígðu Lionskonur (Emblur) reit sem þær fengu úthlutað með því að planta út nokkur hundruð víði-, aspar- og greniplöntum. Ýmsir aðilar plöntuðu sínum eigin plöntum í Hellisskóg í sumar, eins og undanfarin ár. Þar má nefna heilann asparskóg sem Kristinn Sigfússon flutti út yfir ána þann 6. júní.



Plantað sitkagreni í árbakkann austan við Grímskletta.

7/ Lúpínudreifing.

Sáð var 5 kg af smituðu lúpínufræi frá Landgræðslunni þann 26. júní. Fræið spíraði mjög vel. Sáð var í flög í Hellisholti og í Grímsklettum.

8) Áburðardreifing.

Dreift var tilbúnum áburði á skjólbelti dagana 15. og 28. júní. Alls fóru sjö, 25 kg pokar á beltin.

9) Jarðvinnsla.

Gísli í Byggðarhorni tætti fyrir trjábeðum 28. maí og 22. ágúst. Verkið tók 14 klst.

Selfoss 30. nóvember 1989

Örn Óskarsson